



Stúpur

Elstu tegundir tilbeiðslustaða búddadóms eru svokallaðar stúpur sem eru litlar byggingar reistar til að minna á Búdda og kenningar hans. Útlit þeirra er nokkuð mismunandi eftir tímabilum og löndum en upphaflega þróuðust þær út frá indverskum grafhýsum. Elstu stúpunar eru því bjöllulaga haugar sem voru settir yfir jarðneskar leifar Búdda eða boddhisatva. Síðan var byggt yfir hauginn og úr urðu turnlaga byggingar. Síðar fóru menn einnig að byggja stúpur yfir einhverja gripi eða hluti svo sem bækur með kenningum Búdda.



Þegar búddadómur barst til Kína og Japan breyttist hönnunin á stúpunum og þær urðu bæði mjórri og hærrí. Þær eru því í raun turnar með 3–13 hæðir (þó alltaf oddatölu) og oft eru þær með 8 hliðar. Stundum eru þær málaðar og skreyttar með þakskífum. Þessar tegundir stúpa eru kallaðar pagódur.

Grafhýsi eru sérstök hús þar sem hinir látnu hvíla.

Boddhisatva er dýrlingur sem hefur frestað nirvana til að geta hjálpað öðrum að öðlast það einnig, líkt og Búdda gerði.

Pílagrímar er fólk sem fer í pílagrímsferð til helgra staða með það í huga að styrkja trú sína meir eða til að sýna lotningu sína fyrir helgidóminum.

Helgiskrín eru helgir staðir sem hafa verið gerðir til að minnast og tilbiðja guði, forfeður eða dýrlinga. Helgiskrín getur verið heilt herbergi, lítið altari eða einfaldlega mynd eða stytta af þeim sem skrinið er tileinkað.

Pílagrímar heimsækja oft merkar stúpur enda eru þær margar álitnar helgar. Ein þekkt stúpa er í Sri Lanka og kallast Ruwanweliseya eða Hin mikla stúpa í Sri Lanka. Hún þykir einstaklega tignarleg en hún er 90 metra há og er elst hinna þriggja stærstu fornu steinbygginga í heiminum. Hún var byggð á 2. öld f. Kr. og hönnun hennar var fyrirmynd fjölda annarra helgiskrína. Hér til hliðar er tengill á mynd af Hinni miklu stúpu.

Búddistafélag Íslands hefur reist stúpu í Smárahverfi í Kópavogi og er hún notuð af þeim við mörg hátíðleg tækifæri. Hægt er að lesa aðeins meira um íslensku stúpuna í

kaflanum *Að vera búddatrúar > Hátíðir*.

Myndir af Búddastúpunni í Kópavogi





Spurningar

1. Hvað er stúpa?
2. Hver var tilgangur fyrstu stúpnanna?
3. Hver er helsti munurinn á upprunalegu stúpunum og þeim sem eru algengastar í Kína og Japan?
4. Hvers vegna þykir Hin mikla stúpa á Sri Lanka einstaklega merkileg?
5. Hvar hefur verið reist stúpa á Íslandi?